



Stjörnufræðingar í sprengistjörnuleit



Sjáðu þessa nýju mynd af fjarlægri vetrarbraut. Myndin er sú nákvæmasta sem tekin hefur verið af henni! Hún virðist friðsæl á myndinni en síðastliðin 30 ár hafa stjörnufræðingar komið auga á tvær sprengistjörnur í henni.

Þegar stærstu stjörnurnar í alheiminum deyja, springa þær. Sprengistjörnur eru með orkunikustu atburðum alheims og geta verið svo skærar að þær verða bjartari en heilar vetrarbrautir áður en þær dofna á fáeinum vikum eða mánuðum. Á þessu stutta tímabili getur sprengistjarna gefið frá sér jafn mikla orku og sólin gerir á allri sinni ævil!

Stjörnufræðingar fundu fyrstu sprengistjörnuna í þessari vetrarbraut með hjálp sjónauka í eyðimörkinni í Chile í Suður Ameríku. Árið 2007 fann svo stjörnuáhugamaðurinn Berto Monard frá Suður Afríku aðra sprengistjörnu í vetrarbrautinni með sínum eigin sjónauka. Hann er einn fjölmangra um allan heim sem leita að sprengistjörnum til gamans!

En hvernig finnur maður sprengistjörnur? Í rauninni með því að taka myndir af vetrarbrautum með sjónaukum og bera þær saman við eldri myndir. Allar birtubreytingar á takmörkuðu svæði í vetrarbraut gæti þýtt að stjarna hafi sprungið.

COOL FACT

Á síðasta ári varð tíu ára stúlka frá Kanada, Kathryn Aurora Gray, yngsta manneskjan til að uppgötva sprengistjörnu! Kannski getur þú slegið met Kathrynar! Ef þú átt ekki sjónauka getur þú leitað að sprengistjörnum á ljósmyndum á þessari vefsíðu:

www.zooniverse.org/project/supernovae

